

Af hverju ætti að nota SPICT matstækið

SPICT matstækið hjálpar heilbrigðisstarfsmönnum að bera kennsl á einstaklinga sem hafa eina eða fleiri vísbendingar um versnandi heilsufar eða klínísk merki um lífsógnandi ástand. Gera þarf heildrænt mat á þörfum þessara einstaklinga og eiga við þá samtal um framtíðina og meðferðarmarkmið og leggja þarf fram áætlun um framhaldið.

Með matinu er verið að horfa til breytinga á heilsufari, sjúkdómsbyrði og aukinnar þarfar fyrir umönnun og aðstoð. Markmiðið er að horft sé heildrænt á einstaklinginn og honum veitt besta mögulega meðferð sem á við hverju sinni. Með því að bera kennsl á þessa einstaklinga snemma er hægt að draga úr þjáningum sem geta fylgt því að óviðeigandi og gagnslítill meðferð sé veitt og samhliða að bæta umönnun sjúklinga og aðstandenda.

SPICT notað til að meta þarfir einstaklinga og gera áætlun um framhaldið

- Bráðar **spítalainnlagnir**, tíðari **heimsóknir** á göngudeildir eða **versnandi heilsufar** kalla á endurskoðun á núverandi meðferð, þ.m.t. lyfjagjöfum og samtali um hvað sé hægt og ætti að gera í framhaldinu. Setja þarf upp áætlun sem gerir ráð fyrir frekari versnun.
- **Illviðráðanleg einkenni** kalla á endurskoðun á meðferð við undirliggjandi sjúkdómi; hætta með lyf/íhlutanir/rannsóknir sem gera ekki lengur gagn og veita meðferð við einkennum.
- Einstaklingar sem eru í **auknu mæli háðir öðrum** vegna skertrar færni/virkni, hrumleika og/eða geðrænna vandamála þurfa oft meiri umönnun og stuðning
- **Flókin einkenni** eða **þarfir** sjúklings/fjölskyldu; íhuga að fá líknarráðgjöf eða fá sérhæfða líknarþjónustu, s.s. HERA líknarheimþjónusta, líknardeild eða aðra viðeigandi sérhæfða þjónustu s.s. göngudeild hjartabilunar, lungnaheimateymi.
- Metið **getu til ákvarðanatöku**. Gerið áætlun um framhaldið þar sem líklegt er að geta til ákvarðanatöku geti minnkað. Kannið hvort viðkomandi eigi sér talsmann sem veit hvað skiptir einstaklinginn mestu máli.
- Veitið aðstandendum stuðning
- Ræðið og skráið áætlun um framtíðarmeðferð sem tekur til hvað eigi að gera ef heilsufar einstaklings versnar

Samtal um framtíðina og meðferðarmarkmið

1. Undirbúningur

Kynna tilgang með samtali

2. Kanna skilning og óskir varðandi upplýsingagjöf

Spyrja hvað þau vita nú þegar

Spyrja hvað þau myndu vilja vita

3. Deila upplýsingum um horfur

Veita upplýsingar í samræmi við óskir sjúklings varðandi upplýsingagjöf

4. Kanna

Forgangsatríði

Ótti og áhyggjur

Hvað hjálpar / styrkir á erfiðum tímum

Mikilvæg geta/færni

Lífsgæði vs lífslengd

5. Samantekt samtals

Draga saman það sem þú heyrðir

Veita ráðleggingar og setja upp áætlun með sjúklingi

Staðfesta stuðning

Athuga hvort einhverju er ósvarað eða lausir endar

Ræðið um:

- Kosti og galla innlagnar á spítala, rannsókna og íhlutana (t.d. aðgerð, krabbameinsmeðferð, blóðskilun, sondunæring, sýklalyf/vökvi, öndunarstuðningur/öndunarvél).
- Íhlutanir sem ólíklegt að muni gagnast eða geti haft slæmar afleiðingar fyrir einstaklinginn (t.d. endurlífgun).
- Val á talsmanni sem getur talað máli einstaklingsins ef hann getur það ekki sjálfur.
- Hvað skiptir einstaklinginn mestu máli og hvað hann vill forðast að gerist.
 - *Hvað skiptir þig mestu máli ef sjúkdómsástandið versnar?*
 - *Hverju hefurðu mestar áhyggjur af hvað varðar heilsuna í framtíðinni?*
 - *Hvað hjálpar þér gegnum erfiða tíma? Veitir þér styrk?*
 - *Er einhver geta eða færni sem er þér svo mikilvæg að þú getur ekki hugsað þér að lifa án hennar?*
 - *Ef þú veikist meira, hversu langt ertu til í að ganga til að lifa lengur?*
 - *Hversu mikið veit fjölskyldan þín (talsmaður þinn) um hvað þér er mikilvægast?*